

Ed. 88. Frumvarp til laga [54. mál]

um breyting á lögum nr. 48. 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ríkisframlagið er bundið því skilyrði, að fé hafi verið veitt í fjárlögum til sérhvers skólahúss áður en hafizt er handa um bygginguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um þær vísast til athugasemda við frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, sem nú liggur fyrir þinginu.